

**Sp.**

**1062. Svar**

**[32. mál]**

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um fjölda réttindalausra við kennslustörf.

*1. Hversu margir réttindalausir starfsmenn eru nú ráðnir til kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?*

Yfirlit um kennslu samkvæmt stundaskrá í grunnskólum skólaárið 1986–1987 og skiptingu kennslunnar á milli kennara með réttindi og þeirra sem ekki hafa full kennararéttindi.

	<b>Fjöldi kennara alls</b>	<b>Stöðu- gildi alls</b>	<b>Stöðu- gildi í %</b>
<b>Reykjavík</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	803	669.10	94.84
Settir án fullra réttinda . . . . .	9	7.60	1.48
Stundakennarar með réttindi . .	67	33.67	2.45
Stundakennarar án réttinda . . .	39	22.80	1.23
Samtals	918	733.17	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	870	702.77	95.85
Samtals án fullra réttinda . . . . .	48	30.40	4.15
Samtals	918	733.17	100.00
<b>Reykjanesumdæmi</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	558	491.33	86.29
Settir án fullra réttinda . . . . .	59	56.30	9.89
Stundakennarar með réttindi . .	28	10.10	1.77
Stundakennarar án réttinda . . .	29	11.64	2.05
Samtals	674	569.37	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	586	501.43	88.07
Samtals án fullra réttinda . . . . .	88	67.94	11.93
Samtals	674	569.37	100.00
<b>Vesturlandsumdæmi</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	166	151.93	74.70
Settir án fullra réttinda . . . . .	46	39.70	19.52
Stundakennarar með réttindi . .	13	3.21	1.57
Stundakennarar án réttinda . . .	24	8.56	4.21
Samtals	249	203.40	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	179	155.14	76.27
Samtals án fullra réttinda . . . . .	70	48.26	23.75
Samtals	249	203.40	100.00
<b>Vestfjarðaumdæmi</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	79	79.21	57.50
Settir án fullra réttinda . . . . .	56	49.00	35.57
Stundakennarar með réttindi . .	8	2.42	1.75
Stundakennarar án réttinda . . .	30	7.15	5.18
Samtals	173	137.78	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	87	81.63	59.25
Samtals án fullra réttinda . . . . .	86	56.15	40.75
Samtals	173	137.78	100.00

	<b>Fjöldi Kennara alls</b>	<b>Stöðu- gildi alls</b>	<b>Stöðu- gildi í %</b>
<b>Norðurlandsumdæmi vestra</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	100	93.12	62.21
Settir án fullra réttinda . . . . .	52	40.82	27.27
Stundakennarar með réttindi . .	10	2.56	1.71
Stundakennarar án réttinda . . .	39	13.19	8.81
Samtals	201	149.69	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	110	95.68	63.92
Samtals án fullra réttinda . . . . .	91	54.01	36.08
Samtals	201	149.69	100.00
<b>Norðurlandsumdæmi eystra</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	270	233.45	71.97
Settir án fullra réttinda . . . . .	77	70.30	21.67
Stundakennarar með réttindi . .	13	3.28	1.01
Stundakennarar án réttinda . . .	61	17.36	5.35
Samtals	421	324.39	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	283	236.73	72.98
Samtals án fullra réttinda . . . . .	138	87.66	27.02
Samtals	421	324.39	100.00
<b>Austurlandsumdæmi</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	115	104.00	61.32
Settir án fullra réttinda . . . . .	66	56.29	33.19
Stundakennarar með réttindi . .	6	1.62	0.96
Stundakennarar án réttinda . . .	26	7.69	4.53
Samtals	213	169.60	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	121	105.62	62.26
Samtals án fullra réttinda . . . . .	92	63.98	37.74
Samtals	213	169.60	100.00
<b>Suðurlandsumdæmi</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	214	182.45	79.13
Settir án fullra réttinda . . . . .	43	29.02	12.59
Stundakennarar með réttindi . .	32	9.70	4.21
Stundakennarar án réttinda . . .	42	9.40	4.07
Samtals	331	230.57	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	246	192.15	83.34
Samtals án fullra réttinda . . . . .	85	38.42	16.66
Samtals	331	230.57	100.00

	<b>Fjöldi Kennara alls</b>	<b>Stöðu- gildi alls</b>	<b>Stöðu- gildi í %</b>
<b>Allt landið</b>			
Settir/skipaðir með réttindi . . .	2305	2004.59	79.61
Settir án fullra réttinda . . . . .	408	349.03	13.86
Stundakennarar með réttindi . .	177	66.56	2.65
Stundakennarar án réttinda . . .	290	97.79	3.88
	<hr/>		
Samtals	3180	2517.97	100.00
Samtals með full réttindi . . . . .	2482	2071.15	82.26
Samtals án fullra réttinda . . . . .	698	446.82	17.74
	<hr/>		
Samtals	3180	2517.97	100.00

*Athugasemd:* Kennarar héraðsskóla eru ekki taldir með. Öll kennsla er talin í stöðugildum og er miðað við að í hverju stöðugildi séu 29,63 kennslustundir á viku. Stjórnunarstörf eru ekki meðtalin í stöðugildum.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda kennara með og án kennsluréttinda í framhaldsskólum, flokkað eftir kjördæmum skólaárið 1986–1987.

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>Reykjavík</b>		
Með réttindi . . . . .	380	66.2
Án réttinda . . . . .	194	33.8
<b>Reykjanes</b>		
Með réttindi . . . . .	90	64.8
Án réttinda . . . . .	49	35.2
<b>Vesturland</b>		
Með réttindi . . . . .	18	52.9
Án réttinda . . . . .	16	47.1
<b>Vestfirðir</b>		
Með réttindi . . . . .	8	50.0
Án réttinda . . . . .	8	50.0
<b>Norðurland vestra</b>		
Með réttindi . . . . .	8	42.1
Án réttinda . . . . .	11	57.9
<b>Norðurland eystra</b>		
Með réttindi . . . . .	52	62.7
Án réttinda . . . . .	31	37.3
<b>Austurland</b>		
Með réttindi . . . . .	12	42.9
Án réttinda . . . . .	16	57.1
<b>Suðurland</b>		
Með réttindi . . . . .	29	48.3
Án réttinda . . . . .	31	51.7

Samtals voru kennarar með réttindi skólaárið 1986–1987 í framhaldsskólum 597 eða 62,6%, en án réttinda 356 eða 37,4%.

2. *Hversu margir nýir réttindalausir starfsmenn voru ráðnir að grunnskólum og framhaldsskólum á nýbyrjuðu skólaári, samtals og sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?*

Nýir réttindalausir starfsmenn sem ráðnir voru til kennslustarfa í grunnskólum skólaárið 1986–1987:

Reykjavík .....	2
Reykjanes .....	9
Vesturland .....	17
Vestfirðir .....	21
Norðurland vestra .....	13
Norðurland eystra .....	28
Austurland .....	33
Suðurland .....	13

Alls 

---

 136

Af nýsettum framhaldsskólakennurum haustið 1986 eru 33 sem ekki fullnægja ákvæðum laga um embættisgengi. Af þessum 33 eru 17 í Reykjavík, 3 á Reykjanesi, 1 á Vesturlandi, 1 á Vestfirðum, 4 á Norðurlandi vestra, 3 á Norðurlandi eystra og 4 á Suðurlandi.

3. *Hefur í einhverjum tilvikum þurft að fella niður lögboðna kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum eða draga úr námsframboði vegna skorts á starfsmönnum og þá hvar og í hve miklum mæli?*

Þó að erfiðlega hafi gengið að fá kennara að framhaldsskólum til kennslu í sumum kennslugreinum, svo sem raungreinum og viðskiptafræðigreinum, hefur ekki þurft að fella niður kennslu í skólum af þeim sökum svo ráðuneytinu sé kunnugt um. Hins vegar hefur kennaraskortur sums staðar verið leystur með þeim hætti að kennarar hafa tekið á sig meiri yfirvinnu en æskilegt mætti teljast.

Ráðuneytinu hafa ekki borist upplýsingar úr öllum fræðsluumdæmum landsins um hvort lögboðin kennsla hafi verið felld niður í grunnskólum vegna skorts á starfsmönnum. Ljóst er þó að í nokkuð mörgum skólum hefur kennsla í einstökum greinum fallið niður af þessum sökum og á það bæði við um skóla í þéttbýli og í dreifbýli.

Ástand í þessum efnum er svipað nú og verið hefur undanfarin ár.